

Ákvörðun um upptöku tímabundins landamæraeftirlits á innri landamærum Schengen svæðisins.

Dóms- og kirkjumálaráðherra gjörir kunnugt:

Ég hef í dag ákveðið að tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen svæðisins fari fram í Flugstöð Leifs Eiríkssonar frá kl. 1800 hinn 1. nóvember 2007 til kl. 24 hinn 4. nóvember 2007. Ákvörðun þessi er tekin í samræmi við 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga. Ákvörðunin tekur þegar gildi og hefur hún verið sérstaklega tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum.

Því hef ég í dag sent svohljóðandi yfirlýsingu til aðalskrifstofu ráðherraráðs Evrópusambandsins:

Yfirlýsing í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samnings um framkvæmd Schengen samkomulagsins.

Lýðveldið Ísland tilkynnir samstarfsríkjum innan Schengen að í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samnings um framkvæmd Schengen samkomulagsins verður tekið upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni.

Í samræmi við ákvörðun framkvæmdanefndar frá 20. desember 1995 (SCH/Com-ex 20 (endursk. 2)) um málsmeðferð við beitingu 2. mgr. 2. gr. samningsins um framkvæmd Schengen samningsins upplýsist hér með að:

- Gripið er til tímabundins landamæraeftirlits af sérstöku tilefni á næstu dögum sem ógnar allsherjarreglu og þjóðaröryggi. Nánari upplýsingar um hið sérstaka tilefni verður komið á framfæri við samstarfsríki innan Schengen um SIRENE samskiptakerfið.
- Landamæraeftirlitið verður framkvæmt á komufarþegum á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- Landamæraeftirlitið fer fram á tilteknum tímum frá miðvikudegi 1. nóvember 2007 til sunnudagsins 4. nóvember 2007. Nánari upplýsingum um tímasetningar landamæraeftirlitsins verður komið á framfæri við samstarfsríki innan Schengen um SIRENE samskiptakerfið ef nauðsyn krefur.
- Ekki er farið fram á almennar aðgerðir samstarfsríkja í Schengen. Sérstökum aðstoðarbeiðnum verður beint til tiltekinna samstarfsríkja innan Schengen á grundvelli löggæslusamvinnu óháð landamærum.

Í samræmi við 3. tl. ákvörðunar framkvæmdanefndar frá 20. desember 1995, (SCH/Com-ex 20 (endursk. 2)) mun Ísland tilkynna samstarfsríkjum innan Schengen tafarlaust um afnám persónueftirlits á innri landamærum og mun skila skýrslu um framkvæmd ákvörðunar um landamæraeftirlit á innri landamærum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu
1. nóvember 2007

Björn Bjarnason

/

Þorsteinn Geirsson